

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 27/2024

2024/EES/51/27

frá 2. febrúar 2024

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1650 frá 15. maí 2023 um leiðréttingu á sænsku tungumálaútgáfunni á framseldri reglugerð (ESB) 2018/389 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um sterka sannvottun viðskiptavina og almenna og örugga opna staðla vegna samskipta ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 16eb (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/389) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„— **32023 R 1650:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1650 frá 15. maí 2023 (Stjtið. ESB L 208, 23.8.2023, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/1650, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. febrúar 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 208, 23.8.2023, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.